



### 3. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

2. júní 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

**Mættir:** Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Hákon Leifsson (HL), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

**Fjarverandi:** Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB)

#### 1. Reiðleið í gegnum land Korpúlfsstaða

Undir þessum lið sitja Ómar Örn Friðriksson, framkvæmdastjóri GR og Gísli Guðni Hall, formaður GR, auk Hákons Hákonarsonar, Sæmundar Eiríkssonar (formanni reiðveganefnar Harðar), Halldóri Halldórssyni, Jóni Magnússyni (reiðveganefnd LH) og auk Dagnýjar Bjarnadóttur (formanni reiðveganefnar Fáks).

Í kjölfar síðasta fundar var send áskorun til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur að stöðva framkvæmd GR á reiðstíg sem liggur í gegnum land Korpúlfsstaða. Í framhaldi af þessu bréfi voru ofangreindir aðilar boðaðir á fund stjórnara Fáks til að fara yfir það samkomulag sem náðst hafði á milli aðila um reiðleið í gegnum golfvöllinn. Taka skal fram að Fákur var ekki aðili að þessu samkomulagi.

Sæmundur fór yfir þá lausn sem Hörður var ásáttur um en hún fellst að mestu í því að stikuð verði leið í grasinu, annað hvort við hlið malbikaðs reiðstígs eða að önnur leið verði stikuð í gegnum gras golfvallarins þar sem það hentar. Umræður voru um ágæti þessarar lausnar. Stjórnarameðlimir Fáks lýsa yfir efasemdumt um að slóð í grasinu geti komið í staðinn fyrir reiðstíginn sem þarna var, þar sem hann veðst út á vorin þegar frost er enn í jörðu. Dagný bókar að hún telji að með því að gefa frá sér reiðstíginn sem hefur verið malbikaður séu hestamenn að gefa frá sér reiðleiðina og hún sé ekki sátt við þessa lausn.

Niðurstaða umræðunnar er að GR mun boða alla hlutaðeigandi, þ.e. stjórn Fáks, formann reiðveganefnar Harðar, formann reiðveganefnar Fáks og formann reiðveganefnar LH í vettvangsskoðun eftir miðjan júní og verður lausn málsins frekar rædd í framhaldinu. GR tekur fram að þeir vilji vinna að viðunandi lausn með hestamönnum.

Ómar, Gísli Guðni, Hákon, Sæmundur, Halldór og Jón yfirgefa fundinn.

#### 2. Viðhald reiðleiða og framkvæmd við Suðuræð frá Rauðavatni og upp Hólmsheiði

Undir þessum lið situr Dagný Bjarnadóttir, formaður reiðveganefnar.

Reiðleið austan Rauðavatns er leiðinleg, auk reiðleiðar í brekku sem liggur í reiðleið samhliða Suðurlandsvegi frá Almannadal. Einnig eru leiðinlegir blettir á reiðleið upp á Hólmsheiði. Rætt er um viðhald á þessum reiðleiðum. Fyrir liggur að reiðleiðin austan Rauðavatns verður grafinn upp í sumar vegna framkvæmda við lagningu vatnslagnar. Rætt er um hvaða skilyrði Fákur á að setja um frágang reiðleiða að loknum framkvæmdum, þ.e. hvort það þurfi ekki að skilgreina betur hvernig reiðleiðum skuli skilað eftir að þær hafi verið grafnar upp. Einnig er rætt um framkvæmdatíma og hvort það eigi að bíða með viðhald á þessum reiðleiðum þar til framkvæmd er lokið. Dagný mun senda lýsingu á frágangi og fyrirspurn um framkvæmdatíma.

---

HS fékk upplýsingar um það um helgina að bílar höfðu keyrt á reiðleið norðan megin við Rauðavatn. Rætt er um hvort ekki þurfi að setja steina til að loka fyrir bílaumferð á reiðleiðinni.

### **3. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.**

Fundargerð samþykkt samhljóða.

### **4. Bréf til stýrihóps um forgangsörðun íþróttamannvirkja**

HS fór yfir drög af bréfi til starfshóps um forgangsörðun íþróttamannvirkja. Bréfið til starfshópsins er nú tilbúið og hafa stjórnarmenn fengið afrit af bréfinu til yfirlestrar. HS fer yfir breytingar sem hún leggur til að verði gerðar á textanum.

Stjórn samþykkir að senda bréfið í þeirri útgáfu sem er sýnd á fundinum.

### **5. Erindi vegna viðrunarhólfa**

Borist hefur erindi frá Sveini Ragnarssyni, Guðrúnu Eddu Bragadóttur, Matthíasi Barðasyni og Hennu Siren um beitarhólf ofan Faxabóls.

Stjórn hafnar þessari beiðni með þeim rökum að það eru ennþá laus viðrunarhólf á því svæði sem búið var að skilgreina, sem menn geta fengið.

### **6. Vinnustofa með Áslaugu**

Vinnustofan heppnaðist vel og það komu margar góðar hugmyndir í sarpinn.

HS hefur búið til skráningarform til að senda út þar sem sjálfboðaliðar geta skráð sig og áhugasvið. Einnig er samþykkt að setja inn á heimasíðu félagsins hlekk þar sem hægt er að senda ábendingar og hugmyndir til stjórnar.

### **7. Fegrum Fák**

Ein af hugmyndunum sem komu upp á vinnustofunni var hugmyndin fegrum Fák. Vala Rós og Anna Birna hafa tekið að sér að fegra svæðið fyrir Reykjavíkurmestaramót.

HS ræðir einnig um hvort Faxabólsfélagið geti ekki tekið að sér að hugsa um gróðurinn í Faxabólinu eins og Víðidalssfélagið gerir í Víðidalnum.

HS leggur einnig til að gróðurbeð fyrir framan félagsheimili verði endurhugsað og hreinsað síðar í sumar.

### **8. Önnur mál**

#### **Kerrusvæði Fáks við Breiðholtsbraut**

Hliðið hefur staðið opið frá því veiðitímabilið hófst þann 1. maí síðastliðinn. Taldi Fákur sig hafa fengið veginn með í afnotaleyfinu en svo er ekki. Því hefur hliðið staðið opið frá 6:30 á morgnanna til 22:00 á kvöldin. Gerð hefur verið tillaga til Reykjavíkurborgar um lausn og beðið er eftir viðbrögðum frá henni.

---

## **Reykjavíkurstemurarmót**

Undirbúningur undir Reykjavíkurstemurarmót gengur vel.

Næsti fundur: 23. júní 2025

**Fundi slitið 19:10.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**